

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 52

3. árgangur

21.11.1996

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/52/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.754 - Anglo American Corporation/Lonrho).....	01
96/EES/52/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.839 - Promodès/Garosci).....	02
96/EES/52/03	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.853 - Bell Cablemedia/Cable & Wireless/Videotron).....	03
96/EES/52/04	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.865 - Cable & Wireless/Nynex/Bell Canada).....	04
96/EES/52/05	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.755 - Creditanstalt/Koramic/Wienerberger).....	05

96/EES/52/06	Engin andstaða gegn tilkyntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.792 - Temic/Leica - ADC JV).....	05
96/EES/52/07	Engin andstaða gegn tilkyntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.798 - General Electric/CompuNet).....	06
96/EES/52/08	Afturköllun á tilkynningu um samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.805 - Telecom 2).....	06
96/EES/52/09	Heimild fyrir ríkisaðstoð í samræmi við 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki.....	07
96/EES/52/10	Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt.....	08
96/EES/52/11	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	09
3. Dómstóllinn		
96/EES/52/12	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna.....	11
96/EES/52/13	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.....	14

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.754 - Anglo American Corporation/Lonrho)

96/EES/52/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. 11. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Anglo American Corporation of South Africa Limited öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir Lonrho plc.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Anglo American Corporation: eignarhaldsfélag á sviði iðnaðar og fjármála sem annast platínunámurekstur og -hreinsun,
 - Lonrho: eignarhaldsfélag á sviði iðnaðar sem annast platínunámurekstur og -hreinsun.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 349, 20. 11. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.754 - Anglo American Corporation/Lonrho, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.839 - Promodès/Garosci)**

96/EES/52/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. 11. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Promodès S.A. öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir Gruppo G S.r.l. með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Promodès: heildsala og smásöluþreifing á matvælum og öðrum vörum,
 - Gruppo G: heildsala og smásöluþreifing á matvælum og öðrum vörum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 349, 20. 11. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.839 - Promodès/Garosci, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram **96/EES/52/03**
(Mál nr. IV/M.853 - Bell Cablemedia/Cable & Wireless/Videotron)

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. 11. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Cable & Wireless plc og BCE Inc. öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækjunum Bell Cablemedia plc og Videotron Holdings með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Cable & Wireless: fjarskiptaþjónusta, útvegur og stjórnun á samskiptabúnaði og fjarskiptaráðgjöf,
 - BCE: fjarskiptaþjónusta og framleiðsla,
 - Bell Cablemedia og Videotron: smíði og rekstur kapalsjónvarps og fjarskiptaneta.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjórn. EB nr. C 346, 16. 11. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.853 - Bell Cablemedia/Cable & Wireless/Videotron, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjórn. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjórn. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.865 - Cable & Wireless/Nynex/Bell Canada)

96/EES/52/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. 11. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Bell Canada International Inc., Cable & Wireless og Nynex Corporation öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Cable & Wireless Communications með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Bell Canada International Inc: fjarskiptastarfsemi,
 - Cable & Wireless: fjarskiptastarfsemi,
 - Nynex Corporation: fjarskiptastarfsemi,
 - Cable & Wireless Communications: fjarskiptastarfsemi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 349, 20. 11. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.865 - Cable & Wireless/Nynex/Bell Canada, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.755 - Creditanstalt/Koramic/Wienerberger)

96/EES/52/05

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. 6. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0755. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.792 - Temic/Leica - ADC JV)

96/EES/52/06

Framkvæmdastjórnin ákvað 30. 9. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á þýsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CDE“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0792. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

(¹) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.798 - General Electric/CompuNet)**

96/EES/52/07

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. 8. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0798. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Afturköllun á tilkynningu um samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. IV/M.805 - Telecom 2)**

96/EES/52/08

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89

Þann 17. september 1996 barst framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu milli British Telecommunications plc og NS Groep NV. Þann 15. október 1996 tilkynntu viðkomandi aðilar framkvæmdastjórninni að þeir afturkölluðu tilkynninguna.

(¹) Stjórnartíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjórnartíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Heimild fyrir ríkisaðstoð í samræmi við 92. og 93. gr.
EB-sáttmálans
Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki**

96/EES/52/09

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt eftirfarandi áætlanir um aðstoð sem Danmörk lagði til: aðstoð vegna tímabundinnar stöðvunar á síldveiðum; aðstoð vegna úreldingar fiskveiðiskipa; aðstoð vegna vinnslu og markaðssetningar á fisk- og kvíaeldisafurðum, ríkisaðstoð nr. N 553/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 330 frá 5. 11. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt eftirfarandi áætlanir um aðstoð sem Danmörk lagði til: aðstoð vegna fjárfestinga í kvíaelði; aðstoð vegna fjárfestinga í aðstöðu við bryggjur fyrir fiskveiðiskip; aðstoð vegna ákveðinna uppbyggingaráætlaða í fiskiðnaði, ríkisaðstoð nr. N 554/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 330 frá 5. 11. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt áætlun um neyðaraðstoð við fiskiðnaðinn sem Írland tilkynnti til að bæta upp tjón vegna óveðurs, ríkisaðstoð nr. NN 170/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 330 frá 5. 11. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt áætlun um aðstoð sem Frakkland tilkynnti til að viðhalda framleiðslugetu fiskiðjuvera, ríkisaðstoð nr. N 514/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 330 frá 5. 11. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska styrkjaáætlun vegna aðlögunar fiskveiða að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/590/EBE frá 21. desember 1992 um viðmiðunaráætlun til margra ára fyrir hollenska fiskveiðiflotann fyrir tímabilið 1993-1996, ríkisaðstoð N 621/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 330 frá 5. 11. 1996).

Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt

96/EES/52/10

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirfarandi ákvarðanir og tilskipanir:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. maí 1996 um tilteknar styrkveitingar ítalskra stjórnvalda til fyrirtækisins Breda Fucine Meridionali SpA (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 272, 25. 10. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. maí 1996 um framlengingu, fyrir tímabilið 1993 til 1997, á skatti sem lagður var á tilteknar olúafurðir í þágu Institut Français du Pétrole (IFP) (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 272, 25. 10. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. júlí 1996 um aðstoð sem sjálfstjórnarhéraðið Bolzanó (Ítalíu) veitti fyrirtækinu Acciaierie di Bolzano (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 274, 26. 10. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. október 1996 um breytingu á ákvörðun 95/506/EB um að heimila aðildarríkjunum að gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir gegn útbreiðslu á *Pseudomonas solanacearum* (Smith) Smith hvað varðar Konungsríkið Holland (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 265, 18. 10. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. október 1996 um að heimila Frakklandi að greiða vinnslugjald sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 805/68 um sameiginlegan markað fyrir nauta- og kálfakjöt, fyrir dýr sem tekin eru úr framleiðslu áður en þau verða 20 daga gömul (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 265, 18. 10. 1996)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/65/EB frá 11. október 1996 um fjórðu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 88/379/EBE um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum og um breytingu á tilskipun 91/442/EBE um umbúðir hættulegra efna sem skulu vera þannig að börn geti ekki opnað þær (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 265, 18. 10. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. október 1996 um breytingu á ákvörðun ráðsins 79/542/EBE um gerð skrár yfir þriðju lönd sem aðildarríkin heimila innflutning frá á nautgripum, svínnum, dýrum af hestakyni, kindum og geitum, nýju kjöti og kjötafurðum (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 279, 31. 10. 1996)

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir**96/EES/52/11**

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
96-0360-UK	MPT 1407 - Lýsing á tæknieiginleikum og tíðniúthlutunarkröfur í tengslum við stafrænan radióendurvarpsbúnað í fastasambandinu og lofnet til notkunar á tíðnisviðinu 7425 MHz - 7900 MHz	16.12.1996
96-0361-UK	MPT 1420 - Lýsing á tæknieiginleikum fyrir stafrænan radióendurvarpsbúnað í fastasambandinu og lofnet til notkunar á tíðnisviðinu 24,5 GHz - 26,5 GHz	16.12.1996
96-0362-A	RVS 8S.06.21 Slitlag á vegi - malbikslagning	23.12.1996
96-0363-A	RVS 11.065 Undirlög, prófunaraðferð og próf í tilraunastofu á asfalti I. hluti: Breytt kantabrískt próf II. hluti: Viðloðunarhæfni asfaltslaga III. hluti: Hliðrunarmisgengisbinding asfaltslaga IV. hluti: Prófun á hjólfaramyndun	23.12.1996
96-0364-E	Tillaga að ákvörðun um leyfi til að nota áleiðara í rafmagnsleiðslur	23.12.1996
96-0365-UK	Reglugerðir um áburð (kjöt og beinmjöl af spendýrum)(breyting)1996	(3)
96-0366-P	Tæknilysing fyrir kapalbox fyrir sameiginlega kapalnetið fyrir ISDN-búnað	3.1.1997
96-0367-D	Breyting á lista B í almennu stjórnsýslureglugerðinni um lög um öryggi tækja frá maí 1996, með upptöku nýrrar útgáfu á leiðbeiningum um hvernig koma meg í veg fyrir slys „rafmagns- og drifbúnaður“ (VBG 4)	3.1.1997
96-0368-FIN	Almennar tæknilysingar fyrir brúarsmíði (hluti ATB 1-7): - ATB -1: almennir staðlar - ATB -2: grunn- og undirstöðugerð - ATB -3: steypusmíði - ATB -4: stálsmíði - ATB -5: trjásímíði - ATB -6: yfirborðssgerð brúargólfs - ATB -7: búnaður og tæki	23.12.1996
96-0369-UK	Reglugerðir um áburð (kjöt og beinmjöl af spendýrum)(breyting)(Norður-Írland) 1996	(3)

(³)(⁴)(⁵)

(¹) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(²) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(³) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(⁴) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

(⁵) Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda dröggin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

96/EES/52/12

Ákvarðanir dómstólsins teknar á fundi hans þann 17. september 1996

Dómstóll Evrópubandalaganna samþykkti eftirfarandi ákvarðanir á fundi sínum þann 17. september 1996:

Tilnefning deildarforseta

Í samræmi við 1. mgr. 10. gr. starfsreglnanna hefur dómstóllinn tilnefnt eftirfarandi dómara sem deildarforseta í eitt ár sem hefst 7. október 1996:

- Sevón sem forseta fyrstu deildar,
- Mancini sem forseta annarrar og sjöttu deildar,
- Moitinho de Almeida sem forseta fjórðu og fimmtu deildar,
- Murray sem forseta fjórðu deildar.

Skipan deilda

1. Skipan deilda fyrir sama tímabil hefur verið ákveðin sem hér segir:

Fyrsta deild

Sevón, deildarforseti,
Edward, Jann og Wathelet, dómarar.

Önnur deild

Mancini, deildarforseti,
Hirsch og Schintgen, dómarar.

Þriðja deild

Moitinho de Almeida, deildarforseti,
Gulmann og Puissochet, dómarar.

Fjórða deild

Murray, deildarforseti,
Kakouris, Kapteyn og Ragnemalm, dómarar.

Fimmta deild

Moitinho de Almeida, deildarforseti,
Sevón, Gulmann, Edward, Puissochet, Jann og Wathelet, dómarar.

Sjötta deild

Mancini, deildarforseti,
Murray, Kakouris, Kapteyn, Hirsch, Ragnemalm og Schintgen, dómarar.

⁽¹⁾ Sjá Stjórnartíð. EB nr. C 318, 26. 10. 1996.

2. Í hverju máli sem lagt er fyrir fyrstu og fjórðu deild (sem í sitja fjórir dómara) skulu þær skipaðar forseta deildarinnar, framsögudómara og þriðja dómara sem tilnefndir eru til skiptis eftir starfsaldri af lista yfir dómara. Á hverjum aðalfundi skal listinn færður niður um eitt nafn.
3. Í hverju máli sem lagt er fyrir stóru deild, þ.e.a.s. fimmtu og sjöttu deild (í hvorri deild sitja sjö dómara) skulu dómaramir fimm sem eiga að sitja í henni tilnefndir á grundvelli lista sem gerður er fyrir dómsárið og tekur til allra dómara við deildina, nema forsetans, í eftirfarandi röð:
 - a) dómara við litlu deildina sem í sitja fjórir dómara, eftir starfsaldri,
 - b) dómara við hina litlu deildina, í sömu röð.

Í hverju máli skal stóra deildin skipuð:

- forseta,
- framsögudómara,
- þremur dómurum sem tilnefndir eru til skiptis af listanum; listinn skal færður niður um eitt nafn á hverjum aðalfundi.

Skipa skal staðgengil í stað dómara, sem ekki getur setið í deildinni, til skiptis af listanum. Ef forseti stóru deildarinnar getur ekki setið í deildinni skal þó forseti litlu deildarinnar leysa hann af, ef því verður við komið.

Ef dómstóllinn eða deild telur við hæfi að rétta og úrskurða í nokkrum málum saman (óháð því hvort málin eru formlega sameinuð) skal skipa dómara í fyrsta málinu sem rætt er á aðalfundi.

4. Eftirfarandi listar sem vísað er til hér að framan eru eins og hér segir fyrir tímabilið fram til 6. október 1997:

Fyrsta deild

(Forseti: Sevón)
Edward, Jann og Wathelet, dómara.

Fjórða deild

(Forseti: Murray)
Kakouris, Kapteyn og Ragnemalm, dómara.

Fimmta deild

(Forseti: Moitinho de Almeida)
Sevón, Gulmann, Edward, Puissochet, Jann og Wathelet, dómara.

Sjötta deild

(Forseti: Mancini)
Murray, Kakouris, Kapteyn, Hirsch, Ragnemalm og Schintgen, dómara.

Tilnefning aðallögmans

Í samræmi við 1. mgr. 10. gr. starfsreglnanna hefur dómstóllinn tilnefnt lögmanninn La Pergola sem aðallögmann í eitt ár frá 7. október 1996.

Mál C-277/96: Beiðni um forúrskurð frá Hessisches Landesarbeitsgericht samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 1. júlí 1996 í máli Hans-Jörg Dick á hendur EB-Schulungs-Gesellschaft mbH (í skiptameðferð).

Mál C-278/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunale di Genova - Sezione 1ª Civile samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 23. maí 1996 í deilumáli sem er í gangi fyrir þeim dómstól milli Vezza SpA og Ministero delle Finanze.

Sameinuð mál C-279/96, C-280/96 og C-281/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunale di Genova samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 27. júní 1996 (Mál C-279/96) og 19. júlí 1996 (Mál C-280/96 og C-281/96) í máli 1) Ansaldo Energia S.p.a. gegn Amministrazione Finanziaria dello Stato, 2) Amministrazione delle Finanze dello Stato gegn Marine Insurance Consultants S.r.l. og 3) G.M.B. S.r.l. o.fl. gegn Amministrazione delle Finanze dello Stato.

Mál C-284/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Grande Instance de Briey samkvæmt dómi þess dómstóls frá 8. ágúst 1996 í máli Didier Tabouillot á hendur Directeur des Services Fiscaux de Meurthe et de Moselle.

Mál C-287/96: Beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 4. júlí 1996 í máli Kyritzer Stärke GmbH á hendur Hauptzollamt Potsdam.

Mál C-289/96: Mál höfðað þann 30. ágúst 1996 af Konungsríkinu Danmörku gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-290/96: Mál höfðað þann 3. september 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Mál C-291/96: Beiðni um forúrskurð frá Amtsgericht Reutlingen samkvæmt dómi þess dómstóls frá 19. ágúst 1996 í sakamáli á hendur Martino Grado og Shahid Bashir.

Mál C-292/96: Beiðni um forúrskurð frá Finanzgericht Düsseldorf samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 14. ágúst 1996 í máli Göritz Intransco International GmbH gegn Hauptzollamt Düsseldorf.

Mál C-293/96: Mál höfðað þann 9. september 1996 af Sambandslýðveldinu Þýskalandi gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-294/96: Mál höfðað þann 9. september 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-295/96: Mál höfðað þann 9. september 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-296/96: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Roma, Sezione Distaccata di Tivoli, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 9. júní 1995 í sakamáli á hendur Giancarlo Pezzola.

Mál C-297/96: Beiðni um forúrskurð frá Social Security Commissioner samkvæmt ákvörðun frá 2. september 1996 í máli Mrs Vera A. Partridge gegn Adjudication Officer.

Mál C-298/96: Beiðni um forúrskurð frá Verwaltungsgericht Frankfurt am Main, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 27. ágúst 1996 í máli Oelmühle Hamburg Aktiengesellschaft og J. Schmidt Söhne GmbH & Co. KG gegn Bundesanstalt für Landwirtschaft und Ernährung.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 96/EES/52/13

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 24. september 1996 í máli T-57/91: National Association of Licensed Opencast Operators gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (KSE-sáttmálinn - samkeppni - ríkisfyrirtæki sem eiga kolanámur og hafa lögbundið einkaleyfi á að veita vinnsluleyfi - bætur frá leyfishafa í formi greiðslu á einkaleyfisþóknun eða afhendingu á kolum til leyfissala - mismunandi þrep einkaleyfisþóknunar - verð á kolum sem afhent eru - verð í samræmi við KSE-sáttmálan).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 18. september 1996 í máli T-155/94: Climax Paper Converters Ltd gegn ráði Evrópusambandsins (undirboðstollar - ríkisviðskiptalönd - einstaklingsbundin meðferð - eitt undirboð).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 10. júlí 1996 í máli T-208/95: Miwon Co. Ltd. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (undirboð - mónónatríumglútamat - reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um brot á verðskuldbindingum og undirboðstoll til bráðabirgða - beiðni um ógildingu - síðari reglugerð sem leggur á endanlegan undirboðstoll - mál ekki lagt fyrir dóm).

Mál T-113/96: Mál höfðað þann 24. júlí 1996 af Edouard Dubois et Fils SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna og ráði Evrópusambandsins.

Mál T-117/96: Mál höfðað þann 29. júlí 1996 af Intertronic-F. Cornelis GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-118/96: Mál höfðað þann 26. júlí 1996 af Thai Bicycle Industry Co. Ltd. gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál T-120/96: Mál höfðað þann 1. ágúst 1996 af Lilly Industries Ltd gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-121/96: Mál höfðað þann 2. ágúst 1996 af Mutual Aid Administration Services NV gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-123/96: Mál höfðað þann 8. ágúst 1996 af Service pour le Groupement d'Acquisitions (SGA) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-124/96: Mál höfðað þann 9. ágúst 1996 af Interporc Im- und Export GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-125/96: Mál höfðað þann 9. ágúst 1996 af Boehringer Ingelheim Vetmedica GmbH og C.H. Boehringer Sohn Limited Partnership gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál T-126/96: Mál höfðað þann 12. ágúst 1996 af Breda Fucine Meridionali S.p.A. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-127/96: Mál höfðað þann 12. ágúst 1996 af EFIM - Ente Partecipazioni e Finanziamento Industria Manifatturiera, í skiptameðferð, gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-129/96: Mál höfðað þann 15. ágúst 1996 af Preussag Stahl AG gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-131/96: Mál höfðað þann 22. ágúst 1996 af RWE Energie Aktiengesellschaft gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-135/96: Mál höfðað þann 5. september 1996 af European Association of Craft, Small and Medium-Sized Enterprises (UEAPME) gegn ráði Evrópusambandsins.

(¹) Sjá Stjóttíð. EB nr. C 318, 26. 10. 1996.

Mál T-136/96: Mál höfðað þann 6. september 1996 af Automobile Peugeot SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-137/96: Mál höfðað þann 9. september 1996 af Valio Ltd gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-140/96: Mál höfðað þann 10. september 1996 af Société des Caves et des Producteurs Réunis de Roquefort o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.